



Matvælaráðuneyti  
Skúlagata 4  
101 Reykjavík  
mar@mar.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 2. apríl 2024

**Efni: Aðgerðaáætlun matvælastefnu, mál nr. S-64/2024**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar aðgerðaráætlun matvælastefnu, mál nr. S-64/2024, en aðgerðaáætlunin var birt á Samráðsgátt þann 29. febrúar sl. og umsagna óskað um málið.

Rétt eins og samtökin hafa bent á eru ærin tækifæri í íslenskri matvælaframleiðslu á komandi árum og mikilvægt að stefnumörkun stjórnvalda endurspegli þau, allri virðiskeðju matvælaframleiðslunnar til hagsbóta og þjóðinni til heilla. Í fyrri umsögnum um stefnu á sviði matvæla bentu samtökin á mikilvægi þess að efla stuðningskerfi nýsköpunar á sviði matvælaframleiðslu og þar fagnað áherslum á aukið rannsókn- og þróunarstarf. Þá hafa samtökin tekið fram að þessu verði ekki náð nema með stóru aukinni fjárfestingu hins opinbera í menntun á sviði matvæla. Á þeim grunni vilja samtökin benda á að aðgerðir þær sem boðaðar eru til að vinna að markmiðum stefnunnar: „6. Rannsóknir, nýsköpun og menntun“ ná skammt í þessu ljósi. Eina sértæka aðgerðin sem hér er lagt upp með er að *mæla árangur af stuðningi Matvælasjóðs við rannsóknir og nýsköpun*. Á sama tíma og samtökin fagna þeirri aðgerð kalla þau engu að síður eftir frekari aðgerðum undir þessum lið, m.a. greiningu á menntun mannauðar framtíðar, innviða, nýsköpun og fullnýtingu afurða sem samtökin telja grundvallaratriði við framþróun matvælaíðnaðar hér á landi. Enda er þetta markmið matvælastefnunnar um leið nátengt öllum hinum fimm áhersluköflum stefnunnar og vinnur að þeim samtímis.

Að þessu sögðu verður vikið nánar að einstökum aðgerðum áætlunarinnar eins og tilefni er til.

- Söfnunarkerfi fyrir dýraleifar*: aðgerðin gengur út á mótun tillögu að samræmdu söfnunarkerfi og markaður tímarammi til 2026. Samtökin fagna því að á þessum málum sé tekið og þau samræmd. Mikilvægt er þó að slík tillaga sé unnin í samráði við hagaðila og þeim sem málið varðar. Taka verður tillit til aðstæðna hér á landi og forðast með öllu innleiðingu reglna er varða úrgangsmál sem ekki er tilefni til í ljósi aðstæðna hér. Slíkt kann að vinna gegn markmiðum um hringrásarhagkerfi og nýtingu hráefna sem og spornað við nýsköpun og framþróun.
- Mótun aðgerða um neyðarbirgðahald á matvælum og nauðsynlegra aðfanga vegna matvælaframleiðslu*: þessi aðgerð gengur einnig út á mótun tillögu að skilgreiningu neyðarbirgða í matvælaframleiðslu og því magni þeirra aðfanga sem þarf að vera tiltækt á hverjum tíma. Þessi aðgerð vekur eðlilega spurningar um birgðahald



framleiðenda og kann að leiða til aukins kostnaðar og mögulega sóunar matvæla. Því er afar vel að lagt sé upp með virkt samráð við framleiðendur, söluaðila og innflytjendur matvæla. Sé ekki staðið rétt á málum er hætt við að aðgerðin vinni gegn öðrum markmiðum stefnunnar, t.d. um hringrásarhagkerfi og fullnýtingu afurða til að stuðla að minni matarsóun.

- c) *Matvælaeftirlit verði samræmt og sett undir eina stofnun:* aðgerðin gengur út á að greina matvælaeftirlit og ferla. Samtökin fagna markmiði aðgerðarinnar og telur hana mikið framfaraskref fyrir umgjörð matvælaframleiðslu hér á landi sem og traust neytenda. Af aðgerðaáætluninni að dæma er um varfærið skref að ræða og telja samtökin tilefni til að stefna hreinlega að innleiðingu aðgerða sem allra fyrst.

Aðgerðirnar sem hér hefur verið fjallað um ganga allar út á mótun tillagna eða gerð greininga. Aðgerðirnar ganga því nokkuð skammt að mati samtakanna. Framþróun matvælaíðnaðar er hröð og nauðsynlegt er að starfsumhverfið sé í samræmi við þarfir, sé vegferðin of hæg kann það að leiða til glataðra tækifæra og óviðunandi starfsskilyrða.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigurður Helgi Birgisson', written over a horizontal line.

Sigurður Helgi Birgisson,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði